

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/650**  
**komudagur 11.12.2013**



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2013

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til fjárlaga 2014, þingskjal 3. 3. mál.**

**Komugjald vegna innlagnar á sjúkrahús**

Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð fyrir að innheimta gjöld af sjúklingum vegna innlagnar á sjúkrahúsum (legugjald). Í nefndarálitni meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar með frumvarpinu sem hér er til umsagnar er lögð fram breytingar-tillaga um að taka upp komugjöld vegna innlagnar á sjúkrahúsi, en falla frá tillögu um legugjöld. Er lagt til að gjaldið skuli vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum. Ekki er ljóst hversu hátt innheimtugjaldið kemur til með að vera.

ÖBÍ leggst eindregið gegn gjöldum á sjúklinga vegna innlagnar á sjúkrahús og tekur undir þá gagnrýni sem borið hefur á í fjölmiðlum að undanfögnu. Um 80% þeirra sem leggjast inn á Landspítalann og dvelja þar til lengri tíma eru öryrkjar og ellilífeyris-þegar. Gjald vegna innlagnar myndi því leggjast þyngst á þessa þjóðfélagshópa, sem ekki mega við frekari álögum og auknum kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Minnt er á innleiðing komugjalda vegna innlagnar á sjúkrahús kæmi til viðbótar við áform um aukna greiðsluþátttöku fólks og aðrar takmarkandi aðgerðir í heilbrigðisþjónustu líkt og fram kemur í fjárlagafrumvarpi 2014.<sup>1</sup> Nefnd á vegum heilbrigðisráðherra vinnur að heildarendurskoðun á kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðisþjónustu og telur ÖBÍ eðlilegra að biðja með tillögur um slíkar breytingar á meðan á því starfi stendur.

**Höldum í það sem gott er, jafnt aðgengi til náms**

Skráningargjöld í Háskóla Íslandseru nú 60.000 kr. og fá fatlaðir háskólanemendur 15% afslátt og greiða því um kr. 50.000.- fyrir námsárið. Fyrir liggur tillaga um að hækka skráningargjöld upp í kr. 75.000.- Verði sú tillaga samþykkt vill ÖBÍ, með tilliti til jafns aðgengis til náms, hvetja stjórnvöld að sjá til þess að fatlaðir stúdentar fái þá 30% afslátt af skráningargjaldi þannig þeir greiði áfram um kr. 50.000.- fyrir námsárið.

**Slysatryggingar verða einkamál**

Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar gerir tillögu um að þremur nýjum köflum verði bætt við frumvarpið.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Sjá nánar í umsögn ÖBÍ um frumvarp til fjárlaga 2014, dags. 10.12.2013.

<sup>2</sup> Nefndarálitni um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Þskj. 315. 3. mál.

Í 2. tölulið um gildissvið slysaftrygginga og lögboðna ábyrgðartryggingu gerir nefndin tillögu um breytingu á 27. gr. laga nr. 100/2007.

„Í tillögu að nýrri 48. gr. er lagt til að nýju ákvæði ákvæði verði bætt við 27. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum. Í ákvæðinu er fjallað um það hvenær einstaklingur er talinn vera í vinnu og slysaftryggður skv. IV. kafla laganna. Skv. a-lið 2. mgr. 27. gr. laganna telst maður vera við vinnu þegar hann er á vinnustað. Skv. b-lið sömu lagagreinar telst maður einnig vera við vinnu í sendiferð í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildi um lengri ferðir af þessu tagi ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.

Í 1. mgr. tillögunnar segir að ákvæði 27. gr. gildi ekki ef slasaði er einnig tryggður samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysaftryggingu ökumanns og eiganda, sbr. 91.–93. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, og bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri tryggingu. Reynist bótaskylda hins vegar ekki vera fyrir hendi nýtur viðkomandi lágmarkstryggingaverndar slysastrygginga almannastrygginga.“

Ákvæði 27. gr. laga nr. 100/2007 um að maður skuli vera tryggður í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá var sett í 8. gr. laga nr. 26/1936. Ákvæðið um að maður telst vera við vinnu í sendiferð í þágu atvinnurekstrar hefur einnig verið í lögum frá 1925. Áratuga hefð hefur því skapast fyrir þessum réttindum og með því að taka þau er verið að færa kostnaðinn frá ríkinu yfir til tryggingarfélaganna. Þetta mun leiða til þess að tryggingarfélagin muni hækka lögboðin iðgjöld til að mæta þessari kostnaðarhækkun. Þá mun almenningur jafnvel þurfa að kaupa sérstakar tryggingar vegna þessa sem mun hækka útgjöld fjölskyldna í landinu. ÖBÍ telur því tillögu nefndarinnar að bæta við nýju ákvæði í 27. gr. laga um almannatryggingar og að afnema þessi réttindi muni leiða til hækkunar á neyslúvísitölu og því verðbólguhvetjandi. ÖBÍ leggur til að ekki verði farið í ofangreindar breytingar.

Öryrkjabandalagið lýsir sig reiðubúið í samstarf við ríkisstjórnina um forgangsroðun í þágu velferðar. Nú er lag!

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,



Ellen Calmon  
formaður Öryrkjabandalags Íslands